



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Menningar, íþrótt- og tómstundaráð

Sendandi: Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um bókabílinn.

Á fundi borgarráðs 20. október 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Nú stendur til að leggja niður Bókabílinn. Ákveðnar ástæður liggja fyrir því. Verst kemur þessi ákvörðun niður á íbúum á Kjalarnesi en þeir hafa nýtt þessa þjónustu vel. Þar hefur bókabíllinn gegnt hlutverki bókasafns. Flokkur fólksins óskar upplýsinga hvernig meirihlutinn hyggst tryggja íbúum á Kjalarnesi aðgang að bókum á svæðinu? Þetta hefði kannski átt að hugsa áður en Bókabíllinn var lagður niður. Sá niðurskurður sem nú ríður yfir í þjónustu hjá Reykjavíkurborg kemur verst niður á þeim sem síst skyldi, börnum og öðrum viðkvæmum hópum. Í þessu tilfalli kemur þjónustuskerðingin niður á öllum aldurshópum á Kjalarnesi því bækur eru jú eitthvað sem langflestir hafa bæði gagn og gaman af.

Svar:

Við vinnslu fjárhagsáætlunar Borgarbókasafnsins fyrir árið 2023 var lagt til að starfsemi bókabílsins Höfðingja yrði hætt í hagræðingarskyni.

Bíllinn hefur m.a. sinnt Kjalarnesi, sem er eitt af úthverfum borgarinnar þar sem ekki er starfrækt almenningsbókasafn á vegum Reykjavíkurborgar. Borgarbókasafnið gerði samning við Bókasafn Mosfellsbæjar árið 2000, þegar Kjalarnes sameinaðist Reykjavík, til að tryggja að íbúar Kjalarness geti nýtt sér bókasafn Mosfellsbæjar eigi þeir gilt skírteini í Reykjavík og er þessi samningur enn í gildi. Með niðurlagningu bókabílsins þurfa íbúar Kjalarness að sækja bókasafnsþjónustu til Mosfellsbæjar og er um nokkurn veg að fara og alveg ljóst að yngri börn geta illa nýtt sér þá þjónustu.

Þess má þó geta að Kjalnesingar hafa ekki verið duglegir við að nýta þjónustu bókabílsins, því að árið 2018 voru 129 heimsóknir allt árið á Kjalarnesi og 104 árið 2019 og 186 fyrir árið 2021. Bíllinn stoppaði annan hvern þriðjudag við Klébergsskóla í hádeginu og 1. og 3. hvern þriðjudag við Esjugrund - kl 18-18:45.

Í kjölfar þess að ákveðið var að leggja starfsemi bílsins niður, var lagt til að skólabókasafnið í Klébergsskóla yrði endurreist, bókakostur bókabílsins Höfðingja bætti við bókakostinn og Borgarbókasafnið og Klébergsskóli gerði með sér samkomulag um bókasafnsþjónustu. Þessi tilhögun var samþykkt og er verið að setja á stofn samrekið almennings- og skólabókasafn í Klébergsskóla í tilraunaskyni til eins árs. Safnið hefur fengið heitið Borgarbókasafnið Klébergi og verður opið almenningi a.m.k. tvo eftirmiðdaga í viku til að byrja með, auk þess að þjóna skólanum sem skólasafn.



Reykjavíkurborg

Verkefnið var kynnt á íbúaráðsfundi á Kjalarnesi þann 8. desember. Verið er að vinna að því að gera húsnæði klárt, ráða starfsmann og ganga frá bókakosti. Vonast er til að hægt verði að opna safnið á síðari hluta febrúarmánaðar eða í byrjun mars.

Eiríkur Björn Björgvinsson.